

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu Menntakviku, árlegrar ráðstefnu Menntavísindasviðs. Haldið í skólastofu framtíðar á Menntavísindasviði, Stakkahlíð, fimmtudaginn 5. október 2017 kl. 17.

Kæra samstarfsfólk, nemendur, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér við upphaf Menntakviku, árlega ráðstefnu Menntavísindasviðs um rannsóknir, nýsköpun og þróunarstarf á sviði menntavísinda.

Menntakvika er nú haldin í 21. sinn og vill svo vel til að hana ber að þessu sinni upp á Alþjóðadag kennara 5. október. Það er einnig vel við hæfi að setning ráðstefnunnar skuli fara fram hér í þessari stofu, sem kölluð er skólastofa framtíðarinnar, enda er markmið Menntakviku að kynna það sem er efst á baugi og vísar veginn til framtíðar í rannsóknum og fræðum á sviði menntavísinda. Dagskrá ráðstefnunnar er afar fjölbreytt og glæsileg að vanda. Á henni verða flutt hátt í 220 erindi í 58 málstofum sem fjalla um öll svið menntavísinda. Eins og fram kemur í dagskrá Menntakviku eru viðfangsefnin jafn fjölbreytt og þau eru mörg og koma þar við sögu efni á borð við kynjahugleiðingar, heilsuhegðun og fæðuval,

sjálfsmyndarsköpun, málefni Kópavogshælisins, fóstur með Downs-heilkenni, menntun ungs flóttafólks, íþróttaiðkun unglunga og stuðningsmenn enska boltans. Einn af hápunktum Menntakviku verða vinnustofur Zachary Walker frá National Institute of Education í Singapúr, en sú stofnun er metin meðal þeirra bestu á sviði menntavísinda af alþjóðlegum matsstofnunum.

Hlutverk Háskóla Íslands er að þjóna íslensku samfélagi og er stuðningur og samstarf við íslenskt menntakerfi meðal okkar brýnustu viðfangsefna. Menntakvika hefur skapað sér sess sem mikilvægasti farvegur Háskólans fyrir miðlun á þekkingu og rannsóknum sem snúa að starfi tengdum öllum skólastigum. Það er sérstaklega ánægjulegt hversu mikið af starfsfólki skóla og frístundaheimila, auk fagfólks af hinum ýmsu stofnunum, hefur komið á þessa ráðstefnu síðustu ár til að nýta sér þau fræði og rannsóknir sem hér eru til umfjöllunar. Að auki er Menntakvika mikilvægur vettvangur fyrir samtal á milli Háskólans og starfsfólks á vettvangi og er ekki síður ánægjulegt hversu margir kynna hér rannsóknir sem gerðar eru í skólum og öðrum stofnunum. Það er afar mikilvægt að Háskólinn sé í sem nánustum tengslum við þann starfsvettvang sem við búum nemendur okkar undir og sem fræði okkar snúa að.

Menntarannsóknir snúa vissulega að þróun skólastarfs en ekki síður að mótun menntastefnu. Í þessu sambandi verður áhugavert að fylgjast með kosningabaráttu næstu vikna og að hve miklu leyti menntamál verða þar til umfjöllunar. Það eru mörg brennandi mál sem tengjast skólum og menntun sem er brýnt að séu á borði stjórnvalda næstu misserin, nægir þar að nefna alvarlega undirmönnun í leik- og grunnskólum, tryggan aðgang allra barna og ungmenna að menntun við hæfi, jafnan aðgang barna að tólstundastarfi, samfellu milli skólastiga og fjármögnun háskólanna. Rannsóknir og fræði sem stunduð eru af starfsfólki og nemendum við Menntavísindasvið og tengdum sviðum eru grundvöllur þess að hægt sé að takast á við fyrrgreind málefni af fagmennsku og með upplýstum hætti. Það er því okkar von að það sem fer fram hér í dag og á morgun styðji ekki aðeins við starf í skólum landsins heldur nýtist við uppbyggingu og þróun menntakerfisins okkar.

Að lokum má nefna að áhersla á þróun og gæði náms og kennslu er í brennidepli almennt í starfi Háskóla Íslands um þessar mundir og er það vel. Ég nefni í því sambandi að í Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021 er lögð rík áhersla á nám og kennslu og er þar m.a. sett fram sem lykilmarkmið að “gæði náms og kennslu fái aukið vægi og stuðning í starfi skólans”. Það er lykilatriði í starfi Háskólans að við séum sífellt að styðja við þróun kennsluhátta, virkni nemenda í námi og tengsl á milli rannsókna, kennslu og starfsvettvangs. Annað stefnumál er endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna. Þegar hefur farið fram innri og ytri úttekt á matskerfinu þótt úrvinnslu þessarar vinnu sé fjarri því lokið er ein helsta ábendingin sem fram hefur komið að gefa þurfi góðri kennslu aukið vægi í starfsemi skólans og styðja betur við hana. Að lokum má nefna að í stefnunni er einnig lögð áhersla á að efla tengsl Háskólans við önnur skólastig og fagfélög kennara og skólastjórnenda. Þetta eru aðeins örfá dæmi um þá miklu grósku sem er á sviði kennslumála innan Háskóla Íslands.

Góðir gestir. Ég vil að lokum óska ykkur aftur til hamingju með glæsilega ráðstefnudagskrá Menntakviku og ég vona að þið munið hafa af henni bæði gagn og gaman. Takk fyrir.